

✉ Re: Kynning á skipulagstillögum vegna Einbúavirkjunar

Búið til	18.2.2021 17:11:16
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	18.2.2021 17:11:15
Tilheyrir	 202101-0057 - Kynning á skipulagstillögum vegna Einbúavirkjunar

Efni

Re: Kynning á skipulagstillögum vegna Einbúavirkjunar

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.2.2021 17:11:15	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	atli@skutustadahreppur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202101-0057 (LÁ, ÞLP)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar, dags. 21. janúar 2021, þar sem óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Ísland er varðar tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og tillögur að deiliskipulagi Einbúavirkjunar.

Varðandi tillögu að deiliskipulagi Einbúavirkjunar:

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsögn sína er varðar Einbúavirkjun:

18. september 2019 til Skipulagsstofnunar vegna mat á umhverfisáhrifum (málsnr. 201809-0004):
https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/einbuavirkjun_i_skjalfandafljoti_frummatsskyrsla.pdf
(https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/einbuavirkjun_i_skjalfandafljoti_frummatsskyrsla.pdf)

10. ágúst 2020 til Þingeyjarsveitar vegna skipulags- og matslýsingu Einbúavirkjunar í Skjálfandafhljóti (málsnr. 202007-0012): https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/skipulags-_og_matslysing_fyrir_e_inbuavirkjun.pdf (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/skipulags-_og_matslysing_fyrir_e_inbuavirkjun.pdf)

Náttúrufræðistofnun Íslands ítrekar skoðun sína frá því í ágúst 2020 að skipulag á svæðinu á fyrst og fremst að byggja á álit Skipulagsstofnunar enda er það niðurstaða mats á umhverfisáhrifum. Í vinnslutillögu að deiliskipulagi Einbúavirkjunar í Skjálfandafhljóti er ekki farið í að gera grein fyrir

- áhrifum virkjunarinnar á náttúrulegt aurmagns Skjálfandafhljóts
- inngripi í vatnafar Skjálfandafhljóts sem hefur í för með sér neikvæð áhrif á fljótið á tilteknum kafla vegna skerts rennslis á milli yfirfalls og stöðvarinntaks
- áhrifum á lax og straumönd
- rökstuðningi þess að brýn nauðsyn sé að raska hraunum frá nútíma

Náttúrufræðistofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar (á bls. 31) um mat á umhverfisáhrifum Einbúavirkjunar í Skjálfandafhljóti (201905011):

„Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í breyttu yfirbragði nærsvæðis virkjunarinnar með tilkomu ýmissa mannvirkja sem koma til með að breyta ásýnd hefðbundins landbúnaðarhéraðs í svæði sem ber einkenni iðnaðarsvæðis með umfangsmiklum skurðum fyrir aðveitu og fráveitu, stöðvarhús, vegum og brúm sem og stíflum og inntaksvirkjum, auk aurskolunarmannvirkja sem stinga að öllu leyti í stúfa við það umhverfi sem er á svæðinu við núverandi aðstæður. Skurðirnir munu hafa neikvæðustu áhrif á ásýnd og yfirbragð innan framkvæmdasvæðisins auk þess sem rennslisskerðing á um 2,5 km kafla í ánni einkum yfir vetrarmánuðina þegar rennslifljótsins á þessum kafla verður aðeins brot af náttúrulegu rennslí mun hafa varanleg áhrif á ásýnd og landslag og upplifun ferðamanna og útivistarfólks.“

Náttúrufræðistofnun bendir á, að á skipulagsupprætti hefur Verkís merkt inn á kort hraunstrýtur og hraunkarga sem „[...] skal eftir því sem kostur er varðveita þær náttúruinjar.“ sjá bls.12 og 13 í tillögu að deiliskipulagi. Eitthvað hafa framkvæmdaraðilar misskilið 61 gr. náttúruverndarlaga (60/2013) um sérstaka vernd eldhrauna sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Virðist eingöngu hafa verið horft á yfirborð hraunsins sem er vissulega á sumum stöðum hulið jarðvegi eða sorfið af Skjálfandafhljóti. Hins vegar má reka Bárðardalshraun alls rúmlega 100 km leið, þar sem það birtist á hálendi Íslands sunnan við Suðurárbotna, niður í Bárðardal og til nyrsta hluta hraunsins sem liggur við Þingey. Þykkt hraunsins er breytileg en að meðaltali um 20 m. Bárðardalshraun er á framkvæmdarsvæði Einbúavirkjunar og fyrirhugaðir aðrennslis- og frárennslisskurðir eða göng munu liggja í hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Sérstök vernd á hraunstrýtum og hraunkarga er ekki aðalmálið eins og það er sett fram í tillögum að deiliskipulagi Einbúavirkjunar því það er einungis lítið brot af því nútímahrauni sem er innan framkvæmdasvæðisins. Til fróðleiks fylgir með slóð á grein Árna Hjartarsonar jarðfræðings sem var birt í Náttúrufræðingnum 2004 og fjallar um hraunin í Bárðardal, <https://timarit.is/page/4257890#page/n66/mode/2up> (<https://timarit.is/page/4257890#page/n66/mode/2up>)

Í tillögum að deiliskipulagi er ekkert minnst á áhrif virkjunarinnar eða áhrif skert rennslis á fossana sem eru neðan við fyrirhugaða virkjun í Skjálfandafhljóti t.d. á Goðafoss sem var friðlýstur sem náttúruvætti í júní 2020, og bent er á að fossar njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Á bls. 28 í tillögu að deiliskipulagi stendur „Núllkostur hefur í heildina óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma lítið. Ef ekki kemur til uppbyggingar Einbúavirkjunar er ekki líklegt að komi til röskunar á náttúruinjum og ekki er um að ræða breytingar á ásýnd lands. Að óbreyttu leggur svæðið ekki til sjálfbæra orku og stefnan styður að því leyti ekki stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum. Að óbreyttu er ólíklegt að ný störf verði til á svæðinu.“

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki rétt að setja núllkost fram með þessum hætti. Verðmæti felast í hefðbundnu landbúnaðarsvæði þar sem heildstæð ásynd menningar, landslags og náttúru er varðveitt. Varðandi sjálfbærni orkunnar ber að hafa í huga að skerðing verður á náttúruauðlindum (m.a. nútímahraunum) við virkjun Skjálfandafljóts samkvæmt deiliskipulagstillögunni og því er orkan ekki að öllu leyti sjálfbær. Stofnunin bendir einnig á að í Þingeyjarsveit er umtalsverð framleiðsla á því sem kallað er sjálfbær eða endurnýjanleg raforka og því ekki hægt að halda því fram að við óbreytt ástand leggi svæðið (í samhengi sveitarfélagsins) ekki til slíka orku, enda er í sveitarfélaginu stór jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum, Laxárvirkjun og nokkrar smærri vatnssafsvirkjanir.

Varðandi breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Í lýsingunni er lýst helstu áhersluþáttum en ekki farið nákvæmlega í hvernig vinnan verður í framhaldinu.

Meðfylgjandi eru nokkrar ábendingar sem hafa að hluta þegar komið fram í lýsingunni en geta þó komið að notum.

Almennar ábendingar vegna skipulags og umhverfismats:

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar www.ni.is (<http://www.ni.is/>) þ.a.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>)
- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) .

Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>) . Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Lögð er áhersla á að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar

að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>).

Einnig má finna upplýsingar um

- 61. gr. um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra í lögum um náttúruvernd: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)
- jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)
- vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)
- seli og selalátur við landið hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf)

og kortasjá <http://selalatur.ni.is/> (<http://selalatur.ni.is/>)

Yfirlit yfir válista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>)

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@skutustadahreppur.is>
To: "os@os.is" <os@os.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Þorkell Lindberg Þórarinnsson" <thorkell.lindberg@gmail.com>; "sunn@sunn.is" <sunn@sunn.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hne@hne.is" <hne@hne.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "anr@anr.is" <anr@anr.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "nna@nna.is" <nna@nna.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:

Subject: Kynning á skipulagstillögum vegna Einbúavirkjunar

Date: 21.1.2021 14:36:33

Góðan dag,

Í kynningu eru tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og deiliskipulagi Einbúavirkjunar.

Tillögurnar verða kynntar fyrir opnu húsi að Kiðagili í Bárðardal fimmtudaginn 28. janúar kl 16:00 og varpað í lifandi streymi á facebook síðu Þingeyjarsveitar (<https://www.facebook.com/thingeyjarsveit>).

Sökum sóttvarnareglna er 20 manna hámarksfjöldi er á kynninguna. Mætingu skal staðfesta með því að senda póst á atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>).

Athugasemdafrestur vegna kynningarinnar er til fimmtudagsins 18. febrúar 2021 og berast athugasemdir á atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>).

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image003.png (3 KB)

image006.png (5 KB)

image002.png (7 KB)

image005.jpg (26 KB)

image004.jpg (1 KB)

image007.jpg (1 KB)

image001.png (18 KB)